

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í Vaðnesi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 47 ha landbúnaðarsvæði í landi Vaðness breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*